

## UMSÓKN UM DVALARLEYFI Á GRUNDEVILLI HJÚSKAPAR EÐA SAMBÚÐAR VIÐ ÍSLENSKAN RÍKISBORGARA

Vinsamlegast vandaðu umsóknina og gættu þess að skrifa undir hana.  
Ófullnægjandi umsókn getur valdið því að afgreiðslan tefst eða að umsókn verði synjað.

### Fyrir hvern er umsóknareyðublaðið?

Eyðublaðið er ætlað einstaklingi 18 ára eða eldri sem ætlar að búa á Íslandi með maka sínum eða sambúðarmaka (sambúð skal hafa varað lengur en 1 ár).

### Hvaða gögn þurfa að fylgja með fyrstu umsókn?

Sjá nánari upplýsingar á heimasíðu Útlendingastofnunar um gagnakröfur og fylgigögn vegna endurnýjunar dvalarleyfis.

- Passamynd (35 mm x 40 mm).
- Ljósrit vegabréfs.
- Staðfest frumrit erlends sakavottorðs.
- Þýðing löggilts skjalapýðanda á sakavottorði, ef við á.
- Sjúkrakostnaðartrygging.
- Framfærslugögn.
- Staðfest afrit af frumriti hjúskaparvottorðs eða hjúskaparstöðuvottorðs, eftir því sem við á.
- Þýðing löggilts skjalapýðanda á hjúskaparvottorði eða hjúskaparstöðuvottorði, eftir því sem við á.

### Hvernig er umsókn lögð fram?

Heimilt er að leggja umsókn fram og greiða fyrir hana í afgreiðslu Útlendingastofnunar eða hjá sýslumönnum utan höfuðborgarsvæðisins. Sé umsækjandi staddur á landinu þarf hann að mæta í eigin persónu. Ef umsókn er póstlögð þarf greiðslukvittun að fylgja.

Þegar sótt er um endurnýjun dvalarleyfis þarf umsækjandi að mæta í eigin persónu til Útlendingastofnunar eða sýslumanna utan höfuðborgarsvæðisins. Tekin verður mynd af umsækjanda og þarf viðkomandi að veita rithandarsýnishorn.

### Upplýsingar um afgreiðslugjald

Greiða þarf gjald vegna afgreiðslu umsóknar um dvalarleyfi og verður umsóknin ekki tekin til vinnslu fyrr en greiðsla hefur borist. Hafi greiðsla ekki borist innan 90 daga frá því að umsókn var lögð fram verður hún endursend umsækjanda. Vilji umsækjandi sækja um að nýju verður að leggja fram nýja umsókn og greiða afgreiðslugjald. Nánari upplýsingar um afgreiðslugjald má finna í 15. hluta umsóknareyðublaðsins og á heimasíðu Útlendingastofnunar.

### Markmið um afgreiðslutíma og -ferli

Útlendingastofnun hraðar afgreiðslu umsókna eins og hægt er í samræmi við stjórnisýslulög nr. 37/1993. Ef umsækjandi veitir allar umbeðnar upplýsingar á umsóknareyðublaðinu og leggur fram fullnægjandi fylgigögn með umsókn, mun afgreiðsla umsóknar taka skemmri tíma en ella.

Afgreiðslutími dvalarleyfa getur verið allt að 90 dagar eftir að fullnægjandi gögn berast, en lengri í tilvikum umsókna þar sem frekari vinnsla er þörf til að unnt sé að meta hvort umsækjandi uppfylli skilyrði dvalarleyfis.

### Útlendingastofnun hefur samband við umsækjanda eða umboðsmann ef frekari gögn vantar vegna vinnslu umsóknar.

Ekki er lagt mat á umsókn og fylgigögn hennar í afgreiðslu Útlendingastofnunar.

### Aðrar upplýsingar

Nánari upplýsingar um umsóknir og afgreiðslutíma má finna á heimasíðu Útlendingastofnunar ([www.utl.is](http://www.utl.is)).

### Fyllist út af Útlendingastofnun

Er umsóknin undirrituð af umsækjanda?	<input type="checkbox"/> Já	<input type="checkbox"/> Nei
Er umsóknin í frumriti?	<input type="checkbox"/> Já	<input type="checkbox"/> Nei
Hafa allar umbeðnar upplýsingar verið veittar (þ.m.t. heimilisfang, netfang og símanúmer)?	<input type="checkbox"/> Já	<input type="checkbox"/> Nei
Fylgir ljósrit af persónusíðu og rithandarsýnishorni vegabréfs?	<input type="checkbox"/> Já	<input type="checkbox"/> Nei
Fylgir vottorð um hjúskap eða sambúð?	<input type="checkbox"/> Já	<input type="checkbox"/> Nei

## Réttindi

- Umsækjandi um dvalarleyfið má vera staddur á landinu þegar umsókn er lögð fram og á meðan hún er til vinnslu.
- Áritunarskyldur umsækjandi sem staddur er erlendis þegar sótt er um leyfið getur ekki komið til landsins fyrr en það hefur verið veitt.
- Umsækjandi hefur heimild til að vinna án atvinnuleysis hér á landi. Hjúskaparmaki má byrja að vinna um leið og umsókn um dvalarleyfi ásamt fylgigögnum hefur verið lögð fram, en sambúðarmaki má ekki byrja að vinna fyrr en dvalarleyfi hefur verið veitt.
- Dvalarleyfið er að jafnaði veitt til 1 árs, en að hámarki til 2 ára.
- Heimilt er að endurnýja leyfið að hámarki til 2 ára.
- Dvalarleyfið veitir rétt til fjölskyldusameiningar við börn umsækjanda yngri en 18 ára og foreldra umsækjanda 67 ára og eldri.
- Dvalarleyfið getur verið grundvöllur ótímabundins dvalarleyfis.
- Maki íslensks ríkisborgara getur átt rétt á íslenskum ríkisborgararétti eftir 3 ára búsetu á Íslandi frá hjúskap og sambúðarmaki eftir 5 ára búsetu frá skráningu sambúðar, að uppfylltum öðrum skilyrðum. Skilyrði er að makinn hafi haft íslenskan ríkisborgararétt í minnst fimm ár.

### 1. Dvalarleyfi og gildistími

Gefðu upplýsingar um yfir hvaða tímabil þú vilt að leyfið gildi, og hvort um sé að ræða fyrsta leyfi, endurnýjun á leyfi eða breytingu á grundvelli dvalarleyfis.

#### Ég sæk um:

- a) Fyrsta dvalarleyfi
- b) Endurnýjun dvalarleyfis<sup>1</sup>
- c) Breytingu á grundvelli dvalarleyfis

#### Ég óska eftir að gildistími dvalarleyfis verði:

Frá (dd.mm.áá.)

Til (dd.mm.áá.)

<sup>1</sup> **Umsókn um endurnýjun verður að berast innan gildistíma fyrra leyfis, annars verður umsókn afgreidd sem fyrsta leyfi.**

### 2. Umsækjandi

Eiginnafn			
Kenninafn			
Fyrri nöfn (ef við á)			
Fæðingardagur (dd.mm.áá.)			
<b>Kyn</b>	<b>Hjúskaparstaða</b>		
Karl <input type="checkbox"/>	Sambúð <input type="checkbox"/>	Ekkja/ekkill <input type="checkbox"/>	
Kona <input type="checkbox"/>	Ógift(ur) <input type="checkbox"/>	Skilin(n) að borði og sæng <input type="checkbox"/>	
	Gift(ur) <input type="checkbox"/>	Lögskilin(n) <input type="checkbox"/>	
Fæðingarstaður			
Fæðingarland			
Núverandi ríkisfang/ríkisföng			
Fyrra ríkisfang (ef við á)			
Er annað foreldri þitt eða bæði með íslenskt ríkisfang?	Já <input type="checkbox"/>	Nei <input type="checkbox"/>	
<b>Heimilisfang, netfang og símanúmer í heimalandi</b>			
Á aðeins við um þá sem sækja um fyrsta dvalarleyfi. Upplýsingarnar verða notaðar til að hafa samband við umsækjanda, og því mikilvægt að þær séu réttar. Ef upplýsingarnar breytast á meðan umsókn er til vinnslu vinsamlegast tilkynnið strax um það til Útlendingastofnunar á netfangið utl@utl.is.			
Heimilisfang			
Póstnúmer og staður			
Land			
Símanúmer			
Netfang			

**Heimilisfang, netfang og símanúmer á Íslandi**

Skilyrði fyrir útgáfu dvalarleyfis er að umsækjandi hafi tilkynnt um dvalarstað sinn hér á landi, sbr. lög um útlendinga nr. 80/2016. Uppgefið heimilisfang verður skráð sem lögheimili umsækjanda hjá Þjóðskrár Íslands. Upplýsingarnar verða einnig notaðar til að hafa samband við umsækjanda og því mikilvægt að þær séu réttar. Ef upplýsingarnar breytast á meðan umsókn er til vinnslu tilkynnið strax um það til Útlendingastofnunar á netfangið utl@utl.is. Eftir að leyfi hefur verið útgefið tilkynnast breytingar á heimilisfangi til Þjóðskrár Íslands.

Heimilisfang	<input type="text"/>
Póstnúmer og staður	<input type="text"/>
Símanúmer	<input type="text"/>
Netfang	<input type="text"/>

Heimilisfang liggur ekki fyrir. Tilkynning um dvalarstað lögð fram eftir komu til landsins (t.d. við myndatöku).

**3. Vegabréf og búseta**
**Vegabréf**

Það athugist að vegabréf þarf að vera í gildi og að gildistími vegabréfs skal vera minnst 90 dagar umfram gildistíma dvalarleyfisins. Umsókn þarf að fylgja ljósrit af persónusíðu og rithandarsýnishorni vegabréfs.

Vegabréfsnúmer	<input type="text"/>
Önnur ferðaskilríki, hver?	<input type="text"/>
Útgáfuland	<input type="text"/>
Útgefið af	<input type="text"/>
Útgáfudagur (dd.mm.áá.)	<input type="text"/>
Gildistími	<input type="text"/>

Á ekki vegabréf í gildi. (Af hverju ekki? Gefðu útskýringar í **12. hluta** eyðublaðsins).

**Búseta erlendis**

Hvar hefur þú verið búsett(ur) síðastliðin 5 ár?

	Land	Dags. frá (dd.mm.áá.)	Dags. til (dd.mm.áá.)
1.	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>
2.	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>
3.	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>
4.	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>
5.	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>
6.	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>

**Búseta á Íslandi**

Á aðeins við um þá sem sækja um fyrsta dvalarleyfi.

Hvenær ætlar þú að koma til Íslands?	Tilgreinið dagsetningu (dd.mm.áá.)	<input type="text"/>
Er komin(n) til landsins <input type="checkbox"/>	Hvenær komstu? (dd.mm.áá.)	<input type="text"/>
Hefur þú einhvern tíma sótt um vegabréfsáritun til Íslands?	Já <input type="checkbox"/>	Nei <input type="checkbox"/>
Hefur þú áður sótt um dvalarleyfi á Íslandi?	Já <input type="checkbox"/>	Nei <input type="checkbox"/>
Hefur þú verið á Íslandi áður? Ef já, hvenær og hve lengi? (Ef þig vantar rými fyrir frekari upplýsingar vinsamlegast nýtið hluta 12 í eyðublaðinu).	Já <input type="checkbox"/>	Nei <input type="checkbox"/>

#### 4. Maki umsækjanda

##### Maki umsækjanda

Eiginnafn	
Kenninafn	
Fyrri nöfn (ef við á)	
Kennitala	
Ríkisfang	
Dags. hjúskapar (dd.mm.áá.)	
Dags. skráningar sambúðar (dd.mm.áá.)	

#### 5. Hjúskapur eða sambúð

Á aðeins við þegar um er að ræða fyrsta dvalarleyfi.

##### Hjúskapur

Spurningar vegna umsóknar um dvalarleyfi á grundvelli hjúskapar. Vinsamlegast gefið svör í textaboxi hér fyrir neðan.

5.1 Hvenær og hvernig kynntist þú maka þínum?

5.2 Hvenær og hvar tókuð þið ákvörðun um að giftast?

5.3 Hver hafði frumkvæði að hjúskapnum?

5.4 Hvernig og hversu oft hafið þið samband við hvort annað þegar þið eruð aðskilin?

5.5 Af hverju vilt þú setjast að á Íslandi, þ.e. hver er tilgangur dvalar?

## Sambúð

Spurningar vegna umsóknar um dvalarleyfi á grundvelli sambúðar. Vinsamlegast gefið svör í textaboxi hér fyrir neðan.

5.6 Hvenær og hvernig kynntist þú sambúðarmaka þínum?

5.7 Hversu lengi hafið þið verið í sambúð?

Tilgreindu hvar og á hvaða tímabili þið bjugguð saman. Leggðu fram gögn sem staðfesta sambúð á neðangreindum tímabilum.

Heimilisfang (götuheiti, númer, póstnúmer og bær/borg)	Tímabil	
	Frá (dd.mm.áá)	Til ( dd.mm.áá)

5.8 Hvernig og hversu oft hafið þið samband við hvort annað þegar þið eruð aðskilin?

5.9 Hvenær og hvernig var ákvörðun tekin um að þið skylduð hefja sambúð á Íslandi?

5.10 Af hverju vilt þú setjast að á Íslandi, þ.e. hver er tilgangur dvalar?

## 5. Börn umsækjanda

Dvalarleyfið veitir rétt til fjölskyldusameiningar fyrir börn umsækjanda yngri en 18 ára. Ef sækja á um dvalarleyfi fyrir barn, þarf að leggja fram umsókn fyrir hvert og eitt þeirra. Gefðu upplýsingar um öll börn þín, hvort sem þau búa á Íslandi eða erlendis.

### Börn umsækjanda

Á ekki börn

	Eiginnafn	Kenninafn	Fæðingardagur (dd.mm.áá.)	Ríkisfang	Kyn		Er barnið á Íslandi?	
					Stúlka	Drengur	Já	Nei
1.					<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
2.					<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
3.					<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
4.					<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
5.					<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
6.					<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

## 7. Foreldrar umsækjanda

Dvalarleyfið veitir rétt til fjölskyldusameiningar fyrir foreldra umsækjanda 67 ára og eldri.

### Faðir umsækjanda

Eiginnafn	
Kenninafn	
Fyrri nöfn (ef við á)	
Fæðingardagur (dd.mm.áá.)	
Dánardagur (dd.mm.áá.), (ef við á)	
Ríkisfang	
Heimilisfang	
Póstnúmer og staður	
Land	

**Móðir umsækjanda**

Eiginnafn	
Kenninafn	
Fyrri nöfn (ef við á)	
Fæðingardagur (dd.mm.áá.)	
Dánardagur (dd.mm.áá.), (ef við á)	
Ríkisfang	
Heimilisfang	
Póstnúmer og staður	
Land	

**8. Ættingjar umsækjanda á Íslandi**

Gefðu upplýsingar um ættingja á Íslandi, ef við á.

<input type="checkbox"/>	Ég á enga ættingja á Íslandi.				
<input type="checkbox"/>	Ég á eftirfarandi ættingja á Íslandi:				
	Eiginnafn	Kenninafn	Fæðingardagur (dd.mm.áá.)	Ríkisfang	Vinsamlegast tilgreinið skyldleika
1.					
2.					
3.					
4.					
5.					
6.					
7.					

**9. Tungumálakunnátta og menntun**
**Tungumálakunnátta**

Móðurmál	
Önnur tungumál	

**Menntunarstig**

Merktu við allt sem við á, en aðeins menntun sem er lokið.

<input type="checkbox"/>	Engin eða minna en grunnskóli	
<input type="checkbox"/>	Grunnskóli	- Útskriftarár: <input type="text"/>
<input type="checkbox"/>	Framhaldsskóli	- Útskriftarár: <input type="text"/>
<input type="checkbox"/>	Framhaldsskóli, viðbótarstig	- Útskriftarár: <input type="text"/>
<input type="checkbox"/>	Háskóli, minna en BA/BS gráða	- Útskriftarár: <input type="text"/>
<input type="checkbox"/>	Háskóli, BA/BS gráða	- Útskriftarár: <input type="text"/>
<input type="checkbox"/>	Háskóli, mastersgráða	- Útskriftarár: <input type="text"/>
<input type="checkbox"/>	Háskóli, doktorsgráða	- Útskriftarár: <input type="text"/>

**Námssvið hæstu menntunar**

Merktu aðeins við einn valkost.

<input type="checkbox"/>	Almennt nám	<input type="checkbox"/>	Upplýsinga- og samskiptatækni
<input type="checkbox"/>	Menntun	<input type="checkbox"/>	Verkfræði, framleiðsla og mannvirkjagerð
<input type="checkbox"/>	Listir og hugvísindi	<input type="checkbox"/>	Landbúnaður, skógrækt, fiskveiðar og dýralækningar
<input type="checkbox"/>	Félagsvísindi, blaðamennska og upplýsingafræði	<input type="checkbox"/>	Heilbrigði
<input type="checkbox"/>	Viðskipti, stjórnun og lögfræði	<input type="checkbox"/>	Velferð
<input type="checkbox"/>	Raunvísindi, stærðfræði og tölfraði	<input type="checkbox"/>	Þjónusta

**10. Dvöl erlendis**

Á aðeins við um þá sem eru að endurnýja dvalarleyfi.

 Gefðu upplýsingar um **allar** ferðir erlendis á gildistíma síðasta dvalarleyfis, til þess dags sem þessi umsókn er lögð fram.

Leyfishafi má ekki dvelja erlendis lengur en í 3 mánuði á hverju 12 mánaða tímabili meðan leyfið er í gildi.

Útlendingastofnun tekur ákvörðun um hvort fella skuli dvalarleyfi niður þegar leyfishafi hefur dvalist erlendis samfellt lengur en 3 mánuði.

	Land	Brottför frá Íslandi (dd.mm.áá.)	Koma til Íslands (dd.mm.áá.)	Fjöldi daga erlendis	Tilgangur dvalar erlendis
1.					
2.					
3.					
4.					
5.					
6.					

**11. Sakaferill**

 Meðfylgjandi fyrstu umsókn um dvalarleyfi skal fylgja sakavottorð frá því ríki eða þeim ríkjum sem þú hefur búið í síðustu 5 ár. Sakavottorð verður að berast í frumriti, vera lögformlega staðfest (þ.e. apostille eða tvöföld staðfesting) og má ekki vera eldra en 6 mánaða þegar það er lagt fram hjá Útlendingastofnun. Ef vottorðið er á öðru tungumáli en ensku eða Norðurlandamáli þarf að fylgja þýðing löggilts skjalapýðanda. Sjá nánar á [www.utl.is](http://www.utl.is)
**A. Hefur þú sætt sektum eða fangelsisrefsingum?**

<input type="checkbox"/>	Nei
<input type="checkbox"/>	Já
<b>Fyrir hvaða brot?</b>	
<div style="border: 1px solid black; height: 80px; width: 100%;"></div>	
Í hvaða landi?	<input type="text"/>
Hver var refsingin?	<input type="text"/>
Hvenær?	<input type="text"/>

**B. Hefur þú stöðu grunaðs manns í lögreglurannsókn?**

<input type="checkbox"/>	Nei
<input type="checkbox"/>	Já



**Fyrir hvaða brot?**

Í hvaða landi?

Hvenær?

**C. Gefur þú samþykki þitt fyrir því að Útlendingastofnun kanni sakaferil þinn hjá erlendum yfirvöldum?**

Já

Nei

**Ef nei, hvers vegna ekki?**

**D. Hefur þú fengið endurkomubann inn á Schengen svæðið?**

Nei

Já

Í hvaða landi?

**Er bannið enn í gildi?**

Nei. Hvenær var það í gildi?

Já. Hvenær rennur bannið út?

**12. Viðbótarupplýsingar**

Ef þú hefur frekari upplýsingar sem máli skipta varðandi umsóknina vinsamlegast komdu þeim á framfæri hér.

**13. Áritun**

Á aðeins við um þá sem sækja um fyrsta dvalarleyfi.

Ef þú þarft vegabréfsáritun til að ferðast til Íslands, hvert vilt þú sækja áritunina?

Ef umsókn þín er samþykkt, getur Útlendingastofnun sent beiðni um D-áritun til danskra eða norskra sendiráða sem eru í fyrirsvari fyrir Ísland og skráð eru á heimasíðu Útlendingastofnunar og til íslensku sendiráðanna í Kína og Rússlandi.

## 14. Umboðsmaður

Umsækjandi þarf aðeins að fylla út þennan lið umsóknar vilji hann hafa umboðsmann.

Aðeins getur verið einn umboðsmaður í einu fyrir umsækjanda. Óski umsækjandi eftir því að skipta um umboðsmann þarf Útlendingastofnun að berast eyðublað þess efnis. Óski umsækjandi eftir því að draga umboðið til baka þarf Útlendingastofnun að berast skrifleg tilkynning frá umsækjanda. Það athugist að umboðsmaður má ekki skrifa undir umsóknina.

### Hakið við veittar heimildir

Ég geri mér grein fyrir að öll samskipti (þ.m.t. bréfaskipti) Útlendingastofnunar verða við umboðsmann minn og að umboðsmaðurinn mun hafa aðgang að upplýsingum og gögnum í umsókn minni.  
Ég geri mér grein fyrir að umboðsmaður minn mun fá sendar upplýsingar um niðurstöðu máls míns, en ekki ég sjálf(ur).

- Ég gef eftirfarandi einstaklingi umboð til að koma fram fyrir mína hönd vegna umsóknarinnar,
- fá afhent gögn,
- kæra ákvörðun Útlendingastofnunar til kærunefndar útlendingamála komi til synjunar á umsókn minni.

### Upplýsingar um umboðsmann

Eiginnafn	<input type="text"/>
Kenninafn	<input type="text"/>
Kennitala	<input type="text"/>
Heimilisfang	<input type="text"/>
Póstnúmer og staður	<input type="text"/>
Land	<input type="text"/>
Símanúmer	<input type="text"/>
Netfang	<input type="text"/>
<b>Skriflegt samþykki umsækjanda</b>	<input type="text"/>

## 15. Afgreiðslugjald

Útlendingastofnun og sýslumenn utan höfuðborgarsvæðis taka á móti umsóknum um dvalarleyfi gegn greiðslu afgreiðslugjalds. Fjárhæð gjaldsins er ákveðin í lögum um aukatekjur ríkissjóðs nr. 88/1991.

Ef afgreiðslugjaldið er ekki greitt, verður umsóknin ekki tekin til vinnslu. Hafi gjald ekki borist innan 90 daga verður umsókn ekki tekin til vinnslu og hún endursend umsækjanda. Vilji umsækjandi sækja um að nýju verður að leggja fram nýja umsókn og greiða afgreiðslugjaldið.

Þegar sótt er um dvalarleyfi í fyrsta skipti er heimilt að senda umsókn og greiðslukvittun í pósti til Útlendingastofnunar. Við millifærslu í banka þarf að koma fram í skýringu fyrir hvern er greitt, þ.e. nafn umsækjanda, fæðingardagur og -ár. Ef umsækjandi er staddur á landinu og hefur til þess heimild, þarf viðkomandi að leggja fram umsókn í eigin persónu og greiða afgreiðslugjald hjá Útlendingastofnun eða sýslumönnum utan höfuðborgarsvæðisins.

Umsækjandi þarf að mæta í eigin persónu til Útlendingastofnunar eða sýslumanna utan höfuðborgarsvæðisins þegar sótt er um endurnýjun dvalarleyfis. Umsækjandi greiðir afgreiðslugjald, tekin er mynd og þarf umsækjandi að veita rithandarsýnishorn.

Sjá nánari upplýsingar á heimasíðu Útlendingastofnunar ([www.utl.is](http://www.utl.is)).

## 16. Mundir þú eftir öllu?

Ef umsóknareyðublaðið er rétt fyllt út og öll viðeigandi gögn fylgja umsókninni, flýttir það fyrir afgreiðslu hennar. Það er því mikilvægt að þú athugir hvort umsóknin sé vel fyllt út, réttar upplýsingar veittar og að þú hafir lagt fram öll nauðsynleg gögn.

Útlendingastofnun mælir með því að þú notir gátlistann hér að neðan til að kanna hvort umsóknin sé fullnægjandi.

Útlendingastofnun getur óskað eftir viðbótargögnum telji stofnunin þörf á að kanna hvort skilyrði dvalarleyfis séu uppfyllt.

Nánari upplýsingar um fylgigögn umsóknar er að finna á heimasíðu Útlendingastofnunar ([www.utl.is](http://www.utl.is)).

**17. Gátlisti umsækjanda**

- |                          |  |
|--------------------------|--|
| <input type="checkbox"/> | <b>Greiðslukvittun</b> (ef umsókn verður póstlögð og því greitt fyrir hana í banka).   |
| <input type="checkbox"/> | <b>Passamynd</b> (35 mm x 44 mm).  |
| <input type="checkbox"/> | <b>Ljósrit vegabréfs</b> (persónusíða og rithandarsýnishorn). Gildistími skal vera minnst 90 dagar umfram gildistíma dvalarleyfis.   |
| <input type="checkbox"/> | <b>Staðfest frumrit erlends sakavottorðs</b> (frá öllum löndum sem umsækjandi hefur búið í síðustu 5 ár, ekki eldra en 6 mánaða). Krafist er lögformlegrar staðfestingar sakavottorðs, þ.e. apostille eða tvöfaldrar staðfestingar.  |
| <input type="checkbox"/> | <b>Þýðing löggilts skjalapýðanda á sakavottorði</b> (á aðeins við ef erlend vottorð eru á öðru tungumáli en ensku eða Norðurlandamáli). Krafist er lögformlegrar staðfestingar á þýðinguna sé hún unnin af þýðanda sem ekki hefur fengið löggildingu á Íslandi, þ.e. apostille eða tvöfaldrar staðfestingar.   |
| <input type="checkbox"/> | <b>Sjúkrakostnaðartrygging</b> sem gildir í 6 mánuði, að lágmarki 2.000.000 kr. (frá tryggingafélagi með starfsleyfi á Íslandi).   |
| <input type="checkbox"/> | <b>Framfærslugögn</b> sem staðfesta tryggja framfærslu á dvalartíma. Hjón eru framfærsluskyld hvort við annað. Umsækjandi í hjúskap þarf því ekki að sýna fram á sjálfstæða framfærslu enda hafi maki næga framfærslu fyrir báða. Umsækjandi sem er í sambúð þarf að sýna fram á sjálfstæða framfærslu. Upplýsingar um upphæð framfærslu og hvaða gögn geta sýnt fram á tryggja framfærslu er að finna á heimasíðu Útlendingastofnunar, <a href="http://www.utl.is">www.utl.is</a> . |
| <input type="checkbox"/> | <b>Staðfesting á hjúskap / sambúð</b> . Krafist er lögformlegrar staðfestingar vottorða, þ.e. apostille eða tvöfaldrar staðfestingar.<br><b>Fyrir hjúskaparmaka:</b> Staðfest afrit af frumriti hjúskaparvottorðs.<br><b>Fyrir sambúðarmaka:</b> Staðfest afrit af frumriti hjúskaparstöðuvottorðs eða önnur gögn sem geta sýnt fram á 1 árs sambúð.   |
| <input type="checkbox"/> | <b>Þýðing löggilts skjalapýðanda á hjúskaparvottorði / staðfestingu á sambúð</b> (á aðeins við ef erlend vottorð eru á öðru tungumáli en ensku eða Norðurlandamáli). Krafist er lögformlegrar staðfestingar á þýðinguna sé hún unnin af þýðanda sem ekki hefur fengið löggildingu á Íslandi, þ.e. apostille eða tvöfaldrar staðfestingar.  |
| <input type="checkbox"/> | <b>Umsækjandi hefur skrifað undir umsóknina.</b>   |

**18. Gátlisti umsækjanda vegna umsóknar um endurnýjun leyfis**

Ef umsókn um endurnýjun er lögð fram eftir að gildistími fyrra leyfis er útrunninn verður umsókn afgreidd sem fyrsta leyfi umsækjanda.

Öll réttindasöfnun í tengslum við ótímabundið dvalarleyfi og ríkisborgararétt fram að þeim tíma fellur niður.

- |                          |  |
|--------------------------|--|
| <input type="checkbox"/> | <b>Ljósrit vegabréfs</b> (persónusíða og rithandarsýnishorn). Gildistími skal vera minnst 90 dagar umfram gildistíma dvalarleyfis.   |
| <input type="checkbox"/> | <b>Framfærslugögn</b> sem staðfesta tryggja framfærslu á dvalartíma. Hjón eru framfærsluskyld hvort við annað. Umsækjandi í hjúskap þarf því ekki að sýna fram á sjálfstæða framfærslu enda hafi maki næga framfærslu fyrir báða. Umsækjandi sem er í sambúð þarf að sýna fram á sjálfstæða framfærslu. Upplýsingar um upphæð framfærslu og hvaða gögn geta sýnt fram á tryggja framfærslu er að finna á heimasíðu Útlendingastofnunar, <a href="http://www.utl.is">www.utl.is</a> . |
| <input type="checkbox"/> | <b>Umsækjandi hefur skrifað undir umsóknina.</b>   |

**19. Dagsetning og undirskrift**

Ég sæki hér með um dvalarleyfi á grundvelli hjúskapar eða sambúðar við íslenskan ríkisborgara og staðfesti með undirskrift minni að upplýsingarnar sem ég hef gefið á umsóknareyðublaðinu, í viðaukum og fylgigögnum eru sannar og réttar. Ég geri mér grein fyrir að það er refsivert samkvæmt almennum hegningarlögum nr. 19/1940 að gefa villandi eða rangar upplýsingar hjá opinberu stjórnvaldi. Slíkt getur leitt til synjunar eða afturköllunar dvalarleyfis og hugsanlegrar brottvísunar samkvæmt lögum um útlendinga nr. 80/2016. Brot á lögum um útlendinga eru tilkynnt lögreglu.

Ég er upplýst(ur) um að heimilt er að samkeyra upplýsingar Útlendingastofnunar, kærunefndar útlendingamála, Þjóðskrár Íslands og lögreglu samkvæmt lögum um útlendinga. Einnig er Útlendingastofnun heimilt að afla upplýsinga hjá skattyfirvöldum, Vinnuálastofnun og félagsþjónustu sveitarfélaga samkvæmt sömu lögum.

Ég er jafnframt upplýst(ur) um að Útlendingastofnun kann að afla frekari upplýsinga sé það nauðsynlegt vegna umsóknarinnar og sem lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga heimila.

Ég geri mér grein fyrir að upplýsingarnar sem ég veiti gætu verið notaðar við vinnslu seinni umsókna og/eða umsókna fjölskyldumeðlima.

Ég er upplýst(ur) um að Útlendingastofnun áframsendir gögn til Þjóðskrár Íslands sem eru nauðsynleg vegna skráninga í Þjóðskrá.

Ég samþykki að gangast undir læknisskoðun innan tveggja vikna frá komu til landsins í samræmi við gildandi lög og fyrirmæli heilbrigðisyfirvalda, ef við á.

**Staður, dagsetning og undirskrift umsækjanda**

Staður	<input type="text"/>
Dagsetning	<input type="text"/>
<b>Undirskrift umsækjanda</b>	<input type="text"/>

**Staður, dagsetning og skriflegt samþykki maka umsækjanda**

Staður	<input type="text"/>
Dagsetning	<input type="text"/>
<b>Undirskrift maka umsækjanda</b>	<input type="text"/>

**Hver fyllti umsóknina út?**

<input type="checkbox"/>	Umsækjandi	
<input type="checkbox"/>	Umboðsmaður	
<input type="checkbox"/>	Annar, hver?	<input type="text"/>
	Tengsl við umsækjanda	<input type="text"/>

**Fyllist út af Útlendingastofnun**

<input type="checkbox"/>	Dvalarleyfi veitt til	<input type="text"/>
	Afgreitt	<input type="text"/>